

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

FÖSTUDAGINN 13. MAÍ 2016. VAR HALDINN 11. FUNDUR SKIPULAGS OG
BYGGINGARNEFNDAR SÚÐAVÍKURHREPPS KL 14.00
KJÖRTÍMABILIÐ 2014-2018

Mættir eru Garðar Sigurgeirsson, Salvar Baldursson og Helgi Bjarnason formaður.

Árni Traustason, skipulagsfulltrúi og Pétur G. Markan sveitarstjóri.

Formaður athugar með fundarboð. Engin athugasemd gerð við fundarboð. Formaður býður nefndarmönnum að taka til fyrsta dagskrárliðar.

Dagskrá:

1. Hlíðargata 9 framkvæmdaleyfi vegna viðbyggingar (bílskúr).
2. Skráning sumarhúss við Grundarstræti
3. Minnisblað skipulags og byggingafulltrúa vegna Vatnsbóls í Borgarlág í Reykjafirði.
4. Heildarendurskoðun aðalskipulags Súðavíkurbrepps.
5. Staðsetning spennistöðvar OV í Djúpi
6. Skjóltré í gamla bæ - erindi frá Raggagarði.
7. Nýting á mól í skiptum við mold úr Boggutúni. – erindi frá Raggagarði.
8. Önnur mál.

-
1. Umsókn um byggingarleyfi, Hlíðargata 9.

Lagðar fram teikningar gerðar af Teiknistofunni Kvarða, Gísla Gunnarssyni byggingarfræðingi kt. 020649-2409, af stækkun íbúðarhússins með byggingu 97,5 m² bílgeymslu auk 11,3 m² garðskála.

Nefndin samþykkir framlagðar teikningar. Sveitarstjóra falið að reikna út byggingarleyfisgjöld.

2. Skráning sumarhúss við Grundarstræti.
Lagt fram minnisblað um efnið.

Samþykkt veita bráðabirgðarleyfi fyrir húsið svo mögulegt sé að hafa skráða heilsársbúsetu í húsinu. Sveitarstjóra falið að klára lóðasamning fyrir húsið.

Eiganda hússins gert að skila inn tilskyldum gögnum til byggingafulltrúa.

3. Vatnsból Reykjaness.

Lagt fram minnisblað um efnið.

Sjá minnisblað í viðhengi við fundargerðina.

Sveitarstjóra falið að skrifa landeiganda í Reykjanensi bréf til að kynna honum efni minnisblaðsins.

Samþykkt samhljóða.

4. Endurskoðun aðalskipulags.
Lagðar fram greinargerðir skipulagsráðgjafa.

Nefndin er sammála um að ganga til samstarfs við Teiknistofuna Eik. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að ganga frá samning við fyrirtækið.

5. Staðsetningar spennistöðvar OV í Djúpi.

Lagður fram tölvupóstur frá Þorsteini Sigfússyni svæðisstjóra svæðis 3 OV á Hólmavík um leyfi til að staðsetja spennistöð/rofaús við vegamót Djúpvegur og Mjóafjarðarvegur, í landi Skálavíkur Innri.

Nefndin samþykkir umsóknina með fyrirvara um að formlegt leyfi landeiganda sé fyrir hendi.

6. Nefndin sér engan meinbaug á þessu verkefni og vísar þessu til sveitastjórnar sem getur sett verkefnið á framkvæmdaáætlun.
7. Nefndin heimilar þessi jarðvegsskipti með því skilyrði að gengið verði frá lóðinni endanlega með sáningu eða eftir öðrum leiðum sem græða upp sárið.
8. Önnur mál.

Kynningar frá byggingarfulltrúa eyðublöð o. fl. skipulag í Reykjanesi (gamalt) breytingar á deiliskipulagi í Hlíð, gatnagerðargjöld o.

Ekkert fleira gert. Fundi slitið 15: 00

Sign

Salvar Baldursson

Helgi Bjarnason
Formaður

Garðar Sigurgeirsson

Pétur G. Markan
Sveitarstjóri

Árni Traustason
Skipulagsfulltrúi

